

## Fundargerð

### Skólanefnd.

#### 12. fundur

Skólanefndarfundur haldinn í Reykjahlíðarskóla 17. apríl kl. 16:30

Mætt voru Steinunn Ósk Stefánsdóttir, Ásdís Jóhannesdóttir, Arnfríður Anna Jónsdóttir, Jóhann Böðvarsson, Jón Óskar Ferdinandsson, Unnur Sigurðardóttir fulltrúi foreldrafélags, Auður Jónsdóttir fulltrúi kennara, Sólveig Jónsdóttir skólastjóri og Þóra Ottósdóttir leikskólastjóri.

1. Steinunn setur fund í fjarveru formanns og bauð fundarmenn velkomna.

2. Áætlun næsta árs.

Sólveig kynnti tillögu að kennslustundamagni og skólaakstri fyrir skólaárið 2008 – 2009. Vikulegur kennslustundafjöldi verður sá sami og á síðasta skólaári og akstur skipulagður með sama hætti. Áætlaður nemendafjöldi næsta skólaár eru 64 nemendur.

Sólveig leggur til að kennslustundamagn verði 232 tímar á viku sem er það sama og á yfirstandandi skólaári. Auk þess sækir hún um að ráða 2 stuðningsfulltrúa til aðstoðar í 1. – 2. bekk og í 5. – 6. bekk, samtals 140% stöðugildi.

Skólanefnd mælir með að mf. tillaga skólastjóra verði samþykkt.

Sólveig kynnti mf. skóladagatal fyrir skólaárið 2008 – 2009 og samþykkir skólanefnd dagatalið án athugasemda.

3. Tillaga að breytingum á starfsmannaaðstöðu í leikskólunum.

Eyrún Björnsdóttir hefur skilað útfærðri hugmynd að bættri aðstöðu fyrir starfsfólk leikskólans.

Um er að ræða lítið herbergi í vesturstofu þar sem geymslan mun víkja og hluti stofunnar.

Þóra tjáði okkur að starfsfólk leikskólans væri afar ánægt með þessa tillögu og vill skólanefnd beina þeim tilmælum til sveitastjórnar að farið verði í þetta verk núna í sumar, því það aðstöðuleysi sem starfsfólkið hefur búið við eru óásættanleg.

4. Önnur mál.

Aðkoma að skóla.

Skólastjóri og skólanefndi lýsir vanþóknun á aðkomu að skóla sem er bæði hættuleg og óviðunandi.

Skólastjóri sýndi teikningar síðan 1996 og vill skólanefnd hvetja sveitastjórn til að klára endanlega frágang skólalóðar og aðkomu að skólanum og leggur til að tillaga B verði valin.

Fundi slitið kl. 19:00

Ásdís Jóhannesdóttir.  
Steinunn Ósk Stefánsdóttir.  
Jón Óskar Ferdinandsson.  
Jóhann Böðvarsson  
Arnfríður Anna Jónsdóttir.